

Áhættumat vegna innflutnings framandi lífvera

Samkvæmt 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að flytja inn eða dreifa lífandi framandi lífverum nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Með umsókn um leyfi skal fylgja áhættumat sem umsækjandi hefur aflað og skal þar m.a. koma fram mat á hættu á því hvort viðkomandi lífverur séu ágengar og þeim áhrifum sem það kann að hafa á líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisstofnun aflar umsagnar sérfræðinganevndar sem ráðherra hefur skipað til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning og ræktun framandi tegunda og dreifingu lífandi lífvera sbr. 3. mgr. 63. gr. fyrrnefndra laga.

Unnið er að reglugerð með nánari fyrirmælum um innflutning og dreifingu framandi tegunda, þar á meðal um áhættumat og þau sjónarmið sem skal leggja til grundvallar við mat á því hvort leyfi til innflutnings skuli veitt. Reglugerðin hefur þó ekki verið sett og því engin lögformleg skilyrði um innihald áhættumats. Hér að neðan má þó finna leiðbeiningar um uppbyggingu áhættumats en mikilvægt er að fjallað sé um í það minnsta neðangreind atriði þannig að sérfræðinganevnd um framandi lífverur geti lagt heildstætt mat á umsóknina. Rétt er að umsækjendur hafi í huga að hlutverk sérfræðinganevndarinnar er að veita Umhverfisstofnun umsögn um umsókn, þ.m.t. áhættumat, sem umsækjandi útvegar en nefndin leggst ekki í sjálfstæðar rannsóknir á mögulegum áhrifum innflutnings framandi lífveru til landsins.

Áhættumatið skal unnið af óháðum fagaðila og skal ferilskrá viðkomandi fylgja með. Heimilda skal getið og listi yfir þær skal fylgja með.

Inngangur	Aðdragandi máls eða aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri
Almennt um tegundina	Tegundarheiti á íslensku og ensku ásamt latnesku heiti. Lífsferill, náttúruleg heimkynni, vaxtarskilyrði, fæða og aðrir þættir sem skipt geta máli
Sjúkdómar	Yfirlit yfir helstu sjúkdóma hjá tegundinni. Er hugsanlegt að tegundin beri með sér sjúkdóma sem geta borist í aðrar lífverur?
Ágengni	Er tegundin talin vera ágeng í sínu náttúrulega umhverfi. Getur lífveran lifað við íslenskar aðstæður og fjölgað sér. Getur orðið blöndun við tegundir sem fyrir eru? Eru líkur á að hún verði ágeng í íslenskri náttúru og geti þannig ógnað líffræðilegum fjölbreytileika.
Áhættumat	Er hætta á því tegundin valdi sjúkdómum í mönnum- áhrif á lýðheilsu?
	Er hætta á því að tegundin valdi sjúkdómum í íslenskum búfánaði, villtri fánau eða hafi neikvæð áhrif á dýravelferð?
	Er hætta á því að lífveran sleppi út í umhverfið og hugsanlegar afleiðingar sem það kann að hafa.
Viðbrögð við óhöppum	Hvernig verður brugðist við ef lífveran sleppur? Hvað verður gert við lífveruna ef eigandi þarf að losa sig við hana eða ræktun verður hætt?
Lokaorð	Stutt samantekt með helstu niðurstöðum.